

## Rafræn/stafræn fræðsla og rafrænt námsumhverfi/Netskóli stofnana

1. **Áskrift** að rafrænu námskerfi er styrkt um 100% af reikningi í hlutfalli við fjölda starfsmanna sem aðild eiga að sjóðnum. Aldrei er greitt meira en sem nemur kr. 6.000,- pr. starfsmann á ári. Gert er ráð fyrir áskrift í a.m.k. 6-12 mánuði. Hægt að sækja um slíkan styrk á hverju ári.
2. **Kaup á tilbúnum rafrænum námskeiðum** til uppsetningar inn í eigið námsumhverfi styrkt skv. almennum reglum sjóðsins eins og gagnvart öðrum aðkeyptum námskeiðum.

### 3. **Reglur um styrkveitingar vegna uppsetningar á rafrænu námsumhverfi**

Þær stofnanir sem kaupa aðgang að kerfi og setja upp Netskóla (rafrænt námsumhverfi) með öllu sem því fylgir geta sótt um sérstakan styrk í slíkan startpakka. Styrkurinn snýr að aðkeyptri vinnu/ráðgjöf við að setja upp námskerfi og netskóla og kenna á kerfið, útbúa sitt eigið rafræna námsefni og umskrifa á rafrænt form námsefni sem þegar er til, umsjón og eftirfylgni ráðgjafa fyrst til að byrja með. Horft er til þess að a.m.k. séu unnin og sett inn 5-7 námskeið strax í upphafi. Styrkurinn er hugsaður fyrir stofnanir sem eru að stíga sín fyrstu skref í að setja fræðslu starfsmanna sinna inn í rafrænt námsumhverfi. Gert er ráð fyrir að þegar vinnu ráðgjafa er lokið þá verði stofnunnin sjálfbær hvað varðar umsjón og eftirfylgni og viðhald námskerfis í sínum netskóla. **Aðeins er hægt að sækja einu sinni um slíkan styrk.**

Styrkur Ríkismenntar í slík verkefni allt að 100% af kostnaði af viðurkenndu styrkhæfum kostnaði í hlutfalli við fjölda starfsmanna en að hámarki kr. 1.100.000.- (út frá a.m.k. 5-7 námskeiðum). Stjórn sjóðsins metur slíkar umsóknir hverju sinni út frá stærð verkefnis og stærð stofnunar. Sé um að ræða færri en 5 námskeið í startpakkanum er styrkveiting metin hlutfallslega.

### **Með umsókn þarf að fylgja greinagerð sem tekur á eftirfarandi:**

- Kynning á verkefninu almennt
- Verk- og tímaáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Framlag stofnunar, t.d. í formi tilgreindrar vinnu
- Fræðsluáherslur Netskólans skv. þarfagreiningu; val á námsefni
- Uppsetning á netskóla og kennsla á kerfið
- Samtals fjöldi námskeiða sem verður uppsett í rafræna námskerfið
- Hvaða fræðsluefni er til en þarf að umrita fyrir rafrænt kerfi
- Hvernig annað fræðsluefni verður sótt / keypt eða þróað
- Tímajöldi námsefnisgerðar, handrit, upptökur og ritað efni
- Hvernig fyrirtækið hyggst koma fræðslunni á framfæri til starfsmanna,
- Hvenær og hvernig starfsfólki er ætlað að nýta fræðsluna.
- Önnur gögn í samráði við sjóðinn

Stofnunin sækir um áður en verkefnið hefst og er styrkuppghæð greidd í þrennu lagi, við upphaf verkefnis, þegar verkefnið er hálfnað og síðan skv. lokauppgjöri með framlögðum kvittunum til staðfestingar á útlögðum kostnaði.

(Stjórn áskilur sér rétt til að endurskoða þessa reglu eftir þörfum og í takti við þróun)

Samþykkt 6. desember 2021